



Skapandi skólastarf



Forritun



Þróunarnámskeið í forritun desember 2016

1

Verkefnið **Skapandi skólastarf** óskar eftir kennurum til að taka þátt í tveimur þróunarnámskeiðum annað í Code.org forritun og hitt í Micro-bit forritun. Námskeiðin eru ætluð **byrjendum** í forritun og er liður í að þróa námskeið sem í boði verða fyrir kennara eftir áramót. Við óskum eftir 12 áhugasömum kennurum sem eru tilbúnir til að leggja okkur lið í þróunarstarfinu.

Námskeiðin verða haldin í Háskólanum á Akureyri.

Code.org námskeiðið fer fram 7. desember nk. kl. 14–17, í stofu K201.

Microbit námskeiðið fer fram 9. desember nk. kl. 14–17, í stofu K201.

Námskeiðin eru endurgjaldslaus þar sem um þróunarnámskeið er að ræða.

2

Kennarar sem áhuga hafa á því að taka þátt í námskeiðunum sendi tölvupóst þess efnis á netfangið sz@unak.is. Þátttakendafjöldi miðast við 12 kennara á hvort námskeið og þeir fyrstu sem óska eftir þátttöku verður boðið að vera með. Kennarar verða að hafa með sér fartölvu á námskeiðin.

Leiðbeinendur

Ólafur Jónsson (olafurj@unak.is), Íris Hrönn Kristinsdóttir (iris@unak.is) og Sólveig Zophoníasdóttir (sz@unak.is).



EYÞING
SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM





Skapandi skólastarf

3

Er samstarfsverkefni Eyþings og Háskólans á Akureyri. Markmið verkefnisins er m.a. að styðja leik-, grunn- og framhaldsskólakennara á Norðurlandi eystra við að þróa starfshætti sína í anda íslenskrar menntastefnu og grunnþátta hennar með sérstakri áherslu á skapandi hugsun, tækni og virkni nemenda. Hlutverk Háskólans á Akureyri er að leggja til kennslufræðilega og tæknilega ráðgjöf um hvernig hægt er nýta tækni í skapandi skólastarfi og auka hæfni kennara og nemenda til að takast á við áskoranir á þeim sviðum.

Eftir áramótin munum við óska eftir kennurum til að taka þátt í þróunarnámskeiðum í tengslum við verkefnið Skapandi skólastarf og tengjast þau Sphero, Cubetto, Osmo o.fl.



EYÞING

SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSÝSLUM



Háskólinn
á Akureyri